

Fullkomið

Krakkarnir gengu inn í skólastofuna. Flest geispandi. Það var komið langt fram í apríl og þau biðu þess óþreyjufull að veturinn kláraðist. Það var alveg gaman þegar fyrsti snjórinn kom en núna mátti hann fara. Snjórinn var eins og gestur sem settist í miðjan stofusófann og sagði ógeðslega fyndinn brandara. En síðan sagði hann bara sama brandarann aftur og aftur. Og brandarinn varð minna fyndinn með hverjum deginum sem leið. Alveg þangað til brandarinn var jafn fyndinn og hundrað kíló af eðlisfræði. Heimilisfólkið sagði *jæja* og leit á klukkuna en gesturinn lét sem hann tæki ekki eftir því. Hann fór bara úr sokkunum og setti foruga fætur upp á stofuborðið eins og tjörublandaða skafla, snýtti sér í peysuermina svo hvein í gluggunum og prófaði aftur að segja brandarann sem enginn þoldi.

Elías settist í sitt venjulega sæti og Baldur kom skömmu síðar í sætið við hliðina. Þeir höfðu verið bestu vinir frá því í leikskóla.

„Hversu sprækur?“ sagði Baldur.

„Mhm,“ svaraði Elías annars hugar. Hann var svo upptekinn að fylgjast með því hvernig Ewa leit út að hann tók ekki eftir því að Baldur var búinn að lita hárið á sér grænt og kominn í nýjan en samt eldgamlan leðurjakka sem var of lítill á hann.

En hvers vegna var Ewa orðin svona merkileg í augum Elíasar? Og ekki bara augum. Líka í huganum. Hann gat varla snúið sér við í sínum eigin hugsunum án þess að Ewa stæði þar fyrir framan hann. Elías hafði þekkt hana síðan í sex ára bekk og hún hafði alltaf verið bara tja ... Ewa. Stelpa sem bjó á neðstu hæð í þarnæsta stigagangi. Með bil á milli efri framtanna þar sem hægt hefði verið að setja heila tönn í viðbót, freknur á nefinu og út á kinnar eins og drullupollur hefði ráðist á hana og alltaf í hrikalega ljótum peysum með dýrum framan á. Elías mundi sérstaklega eftir ljósfjólubláu peysunni með

þvottabirninum sem hélt á hvítu blómi. Hún var ógeð. Og svo þetta að skrifa nafnið sitt með tvöföldu vaffi. Einfalt vaff hlaut að vera alveg nóg.

En núna var þetta allt öðruvísi. Núna voru liðin sjö ár og þau orðin fjórtán. Skarðið á milli tannanna hafði mjókkað helling, varla pláss fyrir nema hálfa tönn þar núna, og ekkert drullupollalegt við freknurnar. Núna fannst Elíasi eitthvað ... jólalegt við þær. Eitthvað friðsælt og notalegt. Heilagt jafnvel. Og fötin hennar voru stórkostleg. Eða reyndar voru fötin sjálf ekkert stórkostleg. Oftast bara gallabuxur og renndar peysur. En þegar Ewa var komin í þau urðu þau fyrir einhverja töfra svo stórkostleg. Og þennan morguninn gerði Elías sér fullkomlega grein fyrir að auðvitað þurfti Ewa að heita Ewa með tvöföldu vaffi. Það dugði ekkert minna.

„Ég fékk frábæra hugmynd!“ sagði Álfrún íslenskukennari. Augun eins og undirskálar og brosið svo breitt að það náði út fyrir andlitið. Andvarp liðaðist um bekkinn í hægri öldu. „Við skrifum smásögur!“ bætti Álfrún við og öldukambarnir hækkuðu um helming. „Þúsund orð í mesta lagi og við lesum þær í fyrramálið!“

Elías lét líkt og hann væri sammála bekkjarfélögum sínum um að smásagnaskrif væri ömurleg hugmynd. En í raun fannst honum þetta besta hugmynd sem Álfrún hafði fengið. Ástæðan var einföld. Ewa elskaði að lesa. Í frímínútum var hún alltaf að tala við vinkonur sínar um einhverjar bækur. Og stundum hlustuðu vinkonur hennar meira að segja. Sérstaklega ef Ewa talaði um einhverja krassandi ástarsögu þar sem fólk var allsbert á einhverjum tímapunkti. Þess vegna ákvað Elías að hann myndi ekki einungis semja smásögu heldur myndi hann semja bestu smásögu sem Ewa hafði nokkurn tíma heyrt. Og þá tæki hún eftir honum og kannski gæti hann einhvern tíma snert hinar helgu freknur.

Á leiðinni heim hugsaði hann um söguna sína. Hún þurfti að vera fullkomin. Hvert einasta orð sérvalið eftir langt og ítarlegt atvinnuviðtal. Elías ætlaði að nota öll flottustu orðin. Hann ætlaði að nota orð eins og stjörnuþoka, Arabía og paradís. Pottþétt paradís. Orðum eins og skít og skömm yrði vísað frá með skít og skömm.

Elías fór rakteitt inn í herbergi þegar hann kom heim. Ekkert ostabrauð í örbylgjunni með tómatsósu eins og vanalega. Það var æskilegt að setjast svangur við skrifborðið. Hann mundi ekki hvar eða hvenær hann hafði heyrt það en listamenn þurftu víst að þjást til að skapa eitthvað sem skipti máli. Og sagan sem Elías ætlaði að skrifa skipti öllu máli. Hann opnaði fartölvuna og svo skjal í fartölvunni sem hann skírði *Fullkomið – smásaga*. Hann neri saman lófunum til að fá hlýju í fingurna, lagði þá á lyklaborðið og beið þess að fullkomnunin rynni fram úr þeim. Ein mínúta leið og svo tvær án þess að nokkuð rynni fram úr fingrunum. Elías trommaði á lyklaborðið í von um að það myndi vekja fingurna en þeir neituðu að láta nokkra fullkomnun af hendi.

Elías stóð upp og gekk að glugganum. Fyrir utan var heimurinn og allt að gerast. Nóg af innblæstri í fullkomna smásögu. Eða hvað? Hvítur trefill fauk utan í dökkgrænan ljósastaur og hélt sér þar dauðahaldi. Enginn innblástur þar. Stelpa með bleika húfu boraði í nefið. Alls enginn innblástur þar. Strætó stoppaði og út kom maður í frakka. Gráum frakka sem rann saman við hráslagalegt veðrið og umhverfið. Maðurinn gekk hröðum skrefum og Elías gat vel ímyndað sér að hægt væri að fela riffil innundir svona frakka. Og hljóðdeyfi í djúpum vasa. Hvort skyldi hann vera á leiðinni í kaldrifjað morð eða frá því? Hver hafði ráðið hann til að fremja þetta morð? Og það sem mestu máli skipti, hver var skotmarkið? Maðurinn í gráa frakkanum hefði átt að fylgjast betur með fyrst hann ætlaði að labba svona hratt. Hann gætti sín ekki á hálkubletti. Elías andvarpaði. Lítinn innblástur að hafa frá manni sem sat bölvandi á gangstétt með marblett á rassinum og greinilega engan riffil innanklæða.

Elías setti dálitla rifu á gluggann svo innblásturinn ætti greiðari leið að skrifborðinu. Bara til öryggis. Hann horfði mínútu í viðbót á hvíta skjalið, dró svo andann djúpt og sló inn: *Það var dimm nótt í bænum Voðagerði*. Elías velti þessari setningu fyrir sér eitt augnablik og eyddi henni síðan. Hann sló inn nýja setningu: *Í bænum Voðagerði var dimm nótt*. Elías velti þessari setningu fyrir sér og eyddi henni síðan líka. Hann prófaði í þriðja sinn: *Myrkrið féll í Voðagerði, sem var bær*. Elías las þessa setningu, hristi höfuðið og eyddi henni síðan af enn meira miskunnarleysi en fyrri tveimur. Þetta var alls ekki að ganga

nógu vel. Elías hristi hendurnar út í loftið og rassinn í stólnum. *Bær einn hét Voðagerði og þar var dimmt og nótt.* Það ískraði í Elíasi eins og sorgmæddum hundi á meðan hann eyddi þessari setningu.

Það var bankað létt á hurðina og Elías vissi vel hver var hinum megin. „Kom inn,“ sagði hann án þess að snúa sér frá tölvunni. Hann heyrði lðunni koma inn og vissi nákvæmlega hvar hún stoppaði. Nógu nálægt Elíasi til að tala við hann og nógu nálægt hurðinni til að flýja eins og skot ef Elías breytti sér í skrímsli með slímugt nef og eitraðan hala. lðunn var fjögurra og hálfis árs og fann sér alltaf einhverja afsökun til að kíkja á Elías þegar hann var kominn heim úr skólanum. Hún þurfti að vita hvort hægt væri að kitla dáið fólk? Hvort hann hefði séð ræningja á leiðinni í skólann? En á leiðinni úr skólanum? Voru þeir feitir eða mjóir? Þurfti hann glasamottu? Hún gæti náð í glasamottu ef hann vantaði glasamottu. Eða hafmeyjusporð. Hún var oftast búin að háma í sig alla athyglina hennar mömmu í kringum hádegi og var því orðin banhungruð þegar Elías kom heim úr skólanum.

„Af hverju ertu ekki að borða brauð?“ spurði lðunn.

„Af því ég þarf að skrifa sögu,“ svaraði Elías.

„Geturðu lest hana fyrir mig?“

„Ég er ekki búinn með hana.“

„Hvenær ertu búinn með hana?“

„Ég þarf að vera búinn með hana á morgun!“ sagði Elías fullur örvæntingar.

Þótt lðunn væri ekki nema fjögurra og hálfis þá var hún næm á líðan fólks. Hún vissi strax að Elías var í einhvers konar vandræðum. Og líkt og fjögurra og hálfis er einum lagið reyndi hún að hjálpa eftir fremsta megni.

„Ég kann sögur,“ sagði lðunn.

„Ég veit,“ sagði Elías og þóttist einbeita sér að auða skjalinu á skjánum líkt og þar væru leiðbeiningar til að komast yfir í aðra vídd. Kannski gæti lðunn kreist meiri athygli út úr mömmu ef Elías þættist vera hræðilega upptekinn en lðunn hélt ótrauð áfram.

„Einu sinni er vondur maður af því einhver ýtti á vonda takkann og síðan var hann ryksuga og gerði roooooossaaaaa margar prumpur að hann sprakk. En núna var hann góður.“

„Þessi var frábær,“ sagði Elías og starði áfram á auða skjalið. Hann nagaði nögl á þumalfingri.

„Og einu sinni erum ég og Aldís tvíburur í leikskólanum að róla. En síðan vorum við konur í okkars húsi. Og þú komst að borða mat með sósu og eitthvað grænt sem er ógeðslegt.“

Elías andvarpaði. „Þetta eru mjög finar sögur en ég þarf eitthvað alveg fullkomið.“

„Hvað er fullkomið?“ spurði lðunn.

„Það er eitthvað sem er miklu betra en best.“

„Vááááá,“ sagði lðunn. Augun stækkuðu um helming á meðan hún reyndi að sjá fyrir sér eitthvað miklu betra en best. Eitthvað sem var miklu betra en hafmeyjusporður með ljósum.

„Ég þarf að skipta um umhverfi!“ sagði Elías og lokaði tölvunni. Hann opnaði neðstu skúffuna í skrifborðinu og rótaði þangað til hann fann þar litla minnisbók og penna. Hann breytti sér eldsnöggt í skrímsli með slímugt nef og eitraðan hala þannig að lðunn hljóp hamingjuvælandi inn í stofu til mömmu sem sullaði út fyrir blómapottinn þegar lðunn greip um fótlegginn á henni.

„Elías!“ æpti mamma um leið og hann skellti á eftir sér útidyrhurðinni.

Elías settist aftast í strætó, opnaði minnisbókina og tók fram pennann. Tilbúinn fyrir fullkomnunina sem myndi bráðum flæða frá honum. Tvær mínútur liðu. Fullkomnunin hafði greinilega tafist aðeins þannig að Elías teiknaði stelpuandlit á meðan hann beið. Stelpan var með axlarsítt hár, dálítið bil á milli tannanna og brosti til hans. Elías brosti á móti á meðan hann setti á hana heilagar freknur. Hann fletti yfir á næstu síðu og beið áfram eftir fullkomnuninni. Þrjár mínútur liðu og ekkert gerðist. Elíasi stóð varla á sama lengur. Strætó keyrði móður og kvartandi, andvarpaði þungt þegar hann fékk að hvíla sig á biðstöðvum og urraði fýlulega þegar hann þurfti strax að leggja af stað aftur.

Elías virti fyrir sér hina farþegana. Kannski einhver innblástur þar? Sú þæling steindrapst jafn skjótt og hún fæddist. Það var ekkert spennandi við þetta fólk. Þau sugu upp í nefið og hóstuðu, horfðu

út um glugga og höfðu engan áhuga á að vera hluti af fullkomnun Elíasar. Hann lokaði augunum og hallaði sér aftur í sætinu. Kannski þurfti hann bara að tæma hugann. Það var ekkert pláss í huganum fyrir fullkomnun á meðan hann var troðfullur af kvefuðu fólki sem vildi vera annars staðar.

Elíasi gekk þó ekki vel að tæma hugann. Hann var ekki tómur nema örfáar sekúndur í senn en síðan ruddist inn einhver flissandi boðflenna sem kallaði í allar boðflennuvinkonur sínar og áður en Elías gat rönd við reist var hann farinn að velta fyrir sér hvort maðurinn fyrir framan vissi að það væri gat á hettunni hans, síðan hvort eitthvað hefði búið í hettunni og nagað sig út úr henni. Eða þá eitthvað sem vildi búa í hettunni og nagaði sig inn í hana?

Að lokum einbeitti Elías sér að kyrru stöðuvatni. Það var næstum eins og að hugsa ekki neitt. Bara stórt og kyrrt stöðuvatn eins langt og augað eygði. Ekki svo mikið sem fjall í baksýn eða grasbakki fyrir framan. Kjörlendi fullkomnunar. Áður en Elías vissi sveif hann sjálfur yfir stöðuvatninu. Hann var kominn í úlpuna af manninum fyrir framan og það var öngull í hettunni. Öngullinn var hnýttur við línu sem lá alla leið niður að botni vatnsins. Þar sat karfi með yfirvaraskegg í ruggustól. Karfinn hélt veiðistöng á milli tveggja ugga, slakaði á línunni og dró hana inn á víxl þannig að Elías ýmist færðist nær eða fjær vatninu. Þannig gekk þetta dágóða stund. Heilan dag að minnsta kosti. Kannski tvo sem bráðnuðu í einn og hleyptu ekki nótt á milli. Einhvern veginn vissi Elías að karfinn hét Þorlákur og var ekki að veiða sér til matar þannig að það var ekkert að óttast. Síðan gerðist það að marglytta með gleraugu og staf flæktist í línunni. Hún fussaði og sveiaði, sótti skæri í hliðartösku og klippti á línuna. Elías sveif upp í loftið. Hann sveif hærra og hærra allt þar til höfuðið rakst í eitthvað hart.

Elías nuddaði ennið. Hann hafði rekið sig í sætið fyrir framan. Hann leit á klukkuna og krossbrá þegar hann sá að hann var búinn að sitja meira en tvo klukkutíma í vagninum. Ringlaður reyndi hann að muna hvers vegna hann var yfirleitt staddur í strætó. Það rifjaðist upp fyrir honum þegar hann kom auga á minnisbókina sem lá opin á gólfinu og minnti á fugl með útbreidda vængi, við það að syngja sitt

síðasta. Kannski steindauður nú þegar. Elías tók upp bókina og fylltist vonleysi þegar hann sá að það var ekki búið að skrifa í hana einn einasta staf.

Elías var annars hugar þegar hann kom heim. Í stað þess að borða kvöldmatinn raðaði hann kjötbollubitum upp á stórt kálblað og ímyndaði sér að það væri farþegaskip. Kartöflurnar voru ísjakar. Það var veisla um borð og enginn í brúnni. Þetta gat bara endað illa. Feitin mun flæða. Elías stóð upp frá matarborðinu og henti yfirvofandi sjávarháskanum í brúna pappírspokann. Mamma hleypti honum þó ekki út úr eldhúsinu fyrr en hún var búin að þreifa á enninu. „Enginn hiti,“ sagði hún hugsí. „En þú þarft að borða og hvíla þig.“

Ef líf Elíasar væri teiknimynd þá hefði kviknað á ljósaperu fyrir ofan höfuðið á honum. „Auðvitað!“ sagði hann og greip um axlirnar á mömmu. „Þú ert snillingur!“

„Líka ég!“ hrópaði lóunn með munninn fullan af kjötbollu.

„Algjör snillingur,“ samþykkti Elías. „Góða nótt,“ sagði hann síðan og hvarf inn í herbergið sitt með þrjá banana og kókómjólk.

„Klukkan er korter yfir sjö,“ kallaði mamma á eftir honum en Elías heyrði það ekki.

Þar sem Elías lá í rúminu og borðaði þriðja bananann gat hann ekki skilið hvers vegna hann hafði ekki áttað sig á þessu fyrr. Fullkomnun þurfti holla næringu og djúpsvefn. Elías hafði heimtað of mikið af huganum án þess að taka tillit til hvað hugurinn þurfti. Núna var hann búinn með þrjá banana og kókómjólk þannig að næst var bara að sofa sem dýpst í tíu klukkutíma. Þegar hann vaknaði myndi hann skrifa fumlaust, án þess að hika. Eins og traust og trygg vél í fiskibolluverksmiðju. En í stað þess að framleiða fiskibollur myndi Elías framleiða fullkomna smásögu. Hann slökkti ljósið, stillti klukkuna í símanum á sex og sofnaði með bros á vör. Ewa með tvöföldu vaffi og heilagar freknur beið rétt handan við nóttina.

Tíu tímum síðar opnaði Elías augun og gekk raleitt að skrifborðinu. Hann sleppti því að klæða sig og hunsaði pissustinginn. Hann vildi ná fullkomnuninni alveg tandurhreinni. Beint úr nývöknuðum

huganum og rակleitt á hvíta skjáinn. Elías lagði fingurna á lyklaborðið og beið átekta. Bjartsýnn í brók. Fimm mínútur liðu. Og svo fimm í viðbót. Elías gat ekki hunsað pissustinginn lengur og hljóp á klósettið. Síðan hljóp hann aftur að skrifborðinu og starði áfram á hvíta skjáinn. Kannski hafði það verið nauðsynlegt að pissa fyrst. Pissið og fullkomnunin. Hvoru tveggja þurfti að komast út úr Elíasi og líklega var pissið frekara. Elías sá pissið fyrir sér sem feitan karl í kjólfötum með vindil í munnvikinu. Hann ruddist fram fyrir fullkomnunina sem var hlédrægur álfur í kyrtli úr tunglskini. Fullkomnunin brosti bara milt, enda margfalt þroskaðri. Hún vissi sem var, bara öðru þeirra yrði sturtað niður. Mínúturnar liðu samt miskunnarlaust áfram án nokkurrar fullkomnunar, sama hvernig Elías reyndi að semja, hóta og grátbiðja til að lokka hana fram úr huganum.

Voðagerði var ... sló Elías inn með herkjum en komst ekki lengra áður en hann strokaði það út. Mamma bankaði á dyrnar. „Fimm mínútur í,“ kallaði hún og Elías gerði sér grein fyrir að hann var sigraður. *Fimm mínútur* í þýddi að hann þurfti að drífa sig af stað og labba hraðar en hann vildi ef hann ætlaði að komast í skólann á réttum tíma. Hann lokaði tölvunni, huldi andlitið í höndunum og gaf frá sér hljóð sem var blanda af urri og andvarpi.

Elías var í hlandfúlu skapi á meðan hann labbaði skólann. Fimmtíu metrum framar labbaði Ewa með tvöföldu vaffi. Venjulega hefði Elíasi þótt það frábær byrjun á deginum en ekki í þetta sinn. Núna minnti hún hann bara á að honum hafði ekki tekist að finna fullkomnun og fangelsa hana í smásögu. Núna minnti hún bara á hvernig honum hafði mistekist. Elías hægði á sér. Hann leyfði fimmtíu metrunum að verða sextíu, sextíu að sjötíu og sjötíu að áttatíu. Tröppurnar fór hann eina í einu. Ekki tvær eins og venjulega. Óþarfi að flýta sér til helvítis. Þegar hann sá skólastofuna framundan gaf hann aftur frá sér þetta hljóð sem hljómaði eins og urri og andvarpi hefði verið hrært saman í eitt. Elías hlammaði sér í sætið við hlið Baldurs.

„Lífið mjög erfitt í dag?“ spurði Baldur.

„Fullkomlega ömurlegt,“ svaraði Elías.



„Þetta líður hjá,“ sagði Baldur og klappaði Elíasi á bakið.

Elías kinkaði kolli en fann enga huggun í þessum orðum.

„Frábært!“ sagði Álfrún íslenskukennari þegar krakkarnir voru sestir og komin sú kyrrð sem hún gat vonast eftir. Álfrún var svo takmarkalaust jákvæð manneskja að hún sagði *frábært* í staðinn fyrir *góðan daginn* á morgnana. Oftast fannst Elíasi það ágætt en núna vildi hann frekar að hún myndi geispa frá sér *góðagi* eins og aðrir kennarar. Með rafmagnað hár og neon-blikkandi stírir í augum.

„Jæja, smásögur!“ sagði Álfrún. „Hver vill ríða á vaðið?“ Ögmundur flissaði líkt og hann gerði alltaf þegar hann heyrði ákveðin orð. Hann þagnaði þó skjótt þegar Álfrún leit spyrjandi á hann.

„Ögmundur? Má bjóða þér?“

„Uuu, nei takk,“ svaraði Ögmundur. Hann vildi alls ekki ríða á vaðið. Hann vildi ekki einu sinni koma nálægt vaðinu með sjö metra löngu, sótthreinsuðu priki.

„Einhver?“ spurði Álfrún og leit yfir bekkinn. Krakkarnir litu niður á borðin sín eða upp í loft. Ekkert þeirra bauð sig fram og vonbrigði Álfrúnar leyndu sér ekki. „Þá er það bara öflug stafrófsröð,“ sagði hún og það fór ekki á milli mála hversu leitt henni fannst að grípa til svona fasískra vinnubragða. „Viti menn! Ögmundur, þú færð samt að ríða á vaðið!“

„Sko ... málið er að heimavinnan át hundinn minn. Og öll fjölskyldan í áfalli.“

„Einmitt það,“ sagði Álfrún. Ögmundur hafði verið að segja þennan brandara í tvö ár og hann var löngu hættur að vera fyndinn. Svipað og snjór í miðjum aprílmánuði. „Æsa?“ sagði Álfrún og Æsa ræksti sig.

„Það var eiginlega handboltaæfing í gær og ég ætlaði síðan að skrifa söguna en þetta var svo klikkuð æfing að ég sofnaði strax eftir kvöldmatinn og hugsaði bara „sjitt“ þegar ég vaknaði í morgun.“

„Þorsteinn?“ spurði Álfrún.

„Sko ... ég hélt við ættum að *lesa* smásögu,“ svaraði Þorsteinn.

„Allt í lagi,“ sagði Álfrún. „Hvaða smásögu lastu?“

„Sko ... þegar ég mundi þetta í gær fann ég enga smásögu heima heldur bara langar þannig að ég ætlaði að redda í dag.“

„Einmitt,“ sagði Álfrún og bað í hljóði til Guðríðar Ósvífursdóttur. Þannig gekk öfuga stafrófið frá nafni til nafns. Krakkarnir höfðu ýmist gleymt, misskilið eða sofnað. „Ewa,“ sagði Álfrún, staðráðin í að láta sérhvern nemanda reiða fram sína lélegu afsökun. Síðan myndi hún halda hjartnæma ræðu um hvernig að lifa væri að skapa og að skapa væri að lifa. Það kom henni því undursamlega á óvart þegar Ewa stóð upp og tók sér stöðu fyrir framan bekkinn. Ekki Elíasi samt. *Svo algjörlega Ewa*, hugsaði hann með sjálfum sér. Sagan hennar var ferleg en samt alveg fullkomin. Hún var um stelpu og hestinn hennar. Þau týndust í álagaskógi en vinalegt hreindýr leiddi þau út úr honum áður en sporðrekaúlfar náðu að gera sér mat úr þeim.

Þakklætið skein úr augum Álfrúnar á meðan hún klappaði fyrir sögunni og hvatti nemendurna til að gera eins. Lófatak Elíasar glumdi hæst í kennslustofunni og honum var alveg sama. Það mátti hver sem er vita að honum fannst þessi ömurlega saga alveg frábær.

„Elías?“ sagði Álfrún og hann greip andann á lofti. Alls konar afsakanir þutu í gegnum huga hans. Ef hann gat ekki samið fullkomna sögu þá þurfti hann að minnsta kosti fullkomna afsökun. Miklu betri en þessar venjulegu um að gleyma, sofna og misskilja. En það kom engin afsökun. Hvorki fullkomin né annars konar. „Elías?“ endurtók Álfrún og Baldur hnippiti í hann.

„Einmitt,“ sagði Elías og stóð á fætur. *Hvað ertu að gera?* spurði hann sjálfan sig en fékk ekkert svar. Hann sótti minnisbókina í úlpuvasann, gekk að kennaraborðinu og sneri sér að bekknum. Hann opnaði bókina. Kannski hafði hann skrifað eitthvað alveg fullkomið á meðan hann svaf? Fullt af fólki gekk í svefni. Elíasi fannst ekki svo langsótt að hann gæti hafa skrifað í svefni. Sú von varð þó að engu þegar hann fletti blaðsíðunum skjálfhentur og sá að þær voru allar tómar. Fyrir utan þessa einu með mynd af stelpu með heilagar freknur. Hún brosti til hans.

Í huga sér sá Elías það fyrir sér hvernig hann stóð fyrir framan vegg úr hvítum múrsteinum. Veggurinn teygði sig endalaust til beggja hliða og upp í loftið. Elías tók fram rauðan tússpenna. Hann ætlaði að skrifa *E + E að eilífu* á einn steinanna. En penninn fór í gegnum vegginn, höndin líka og svo allur Elías eins og hann lagði sig.

Elías dró andann djúpt og byrjaði svo að lesa söguna sem hann hafði aldrei skrifað. Orðin flæddu hratt áfram og Elías reyndi ekki að hægja á þeim. Þau máttu ekki stoppa af því þá kæmi hann þeim ekki aftur af stað.

„Kafli eitt. Það var myrkur í Voðagerði þegar Vummi steig út úr strætisvagninum. Vummi var á leið í verkefni. Hræðilegt verkefni með blóði og brjálæði. Vummi var með rífilinn sinn og labbaði hratt. Bráðum yrði hann kominn og það yrði rosalegt.

Kafli tvö. Þrír krakkar komu skyndilega út úr myrkrinu og stilltu sér upp fyrir framan Vumma. *Þú mátt ekki fara framhjá nema þú svarir gátu*, sögðu þau. *Segið þá gátuna*, hreytti Vummi í krakkana. *Ryksuga gerði rosa margar prumpur*, sögðu krakkarnir. *Þetta er ekki einu sinni spurning, hvað þá gáta*, sagði Vummi pirraður. *Það er rangt*, sögðu krakkarnir, *rétta svarið er: einhver ýtti á vona takkann og hann sprakk*.

Kafli þrjú. Vummi urraði og reyndi að troða sér framhjá krökkunum. En þá breyttu þau sér í köngulær sem vöfðu Vumma inn í milljón metra af silkipræði og hengdu hann upp í ljósastaur þar sem hann öskrar að eilífu að gátan hafi verið ósanngjörn.

Kafli fjögur. Karfinn Þorlákur kláraði að lesa bók um tunglið, klæddi sig úr inniskónum og fór rólegur að sofa. Hann vissi sem var að Vumma hafði verið komið fyrir köngulóarnef og ekkert að óttast lengur.

Kafli fimm. Stjörnuþoka, Arabía og paradís.“

Hér dró Elías andann djúpt aftur og bætti svo við, „endir.“

„Takk Elías,“ sagði Álfrún, „þetta var ...“

„Fullkomið,“ sagði Elías og leið eins og hann svifi í lausu lofti.